

EFTIRLITSSKÝRSLA

NORÐURÁL

Dagsetning	7. desember 2011	Starfsleyfi, gildir til	1. júní 2020
Fyrirtæki	Norðurál	Tegund eftirlits	Reglubundið
Heimilisfang	Grundartanga, 301 Akranes	Fulltrúar fyrirtækis	Einar Friðgeir björnsson og Steinunn Dögg Steinsen
Kennitala	570297-2609	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	
Isat nr.	24.42.0		64° 21,746'N, 21° 46,673'W
Starfsemi	Framleiðsla á áli		
Fulltrúar UST	Ólafur Kristinn Tryggvason og Kristján Geirsson		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu í ljós í eftirlitinu. Gerð er athugasemd í kjölfar eftirlits.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst með fundi með fulltrúum fyrirtækisins þar sem rædd voru samskipti Norðuráls og Umhverfisstofnunar og farið yfir gagnaskil, mæliniðurstöður og ýmsar upplýsingar er varða reksturinn. Nýir aðilar hafa tekið við samskiptum við Umhverfisstofnun og var því farið sérstaklega yfir þessi mál. Tilkynnt var um nýjan tengilið í kjölfar eftirlits. Einnig var rætt um umhverfissvöktun og kom fram að fyrirtækinu hafði nýlega borist skýrsla frá verkefni þar sem ræktun á kræklingum fór fram fyrir utan flæðigryfjur fyrirtækisins. Verið er að kanna hugsanlega upptöku kræklinganna á eiturefnum sem hugsanlega gætu borist frá flæðigryfjunum. Bent var á að þá skýrslu þarf að senda Umhverfisstofnun sem hluta af umhverfissvöktun iðjuverana á Grundartanga.

Farið var í kerskála og skoðaðar úrbætur á göflum rafgreiningakerja í kjölfar athugasemda í eftirliti þar sem efnisgæði eldri gafla voru ekki nægileg og áttu þeir til að bogna frá þekjum og myndaðist þá gap á milli þekja og gafla og þar með aukið útstreymi frá kerum upp í rjáfur. Í ár hefur verið skipt út 142 göflum og í heildina 220 af 550. Einnig hefur verið unnið að úrbótum varðandi ástand þekja og lokun þeirra.

Fram kom í eftirliti að mikill árangur hefur náðst á árinu við að fækka spennurisum er þar bæði um að ræða breytt verklag og tæknilegar útfærslur. Sérstakir rafgreinar, 3 til 4 á hverri vakt, fylgjast náið með kerrekstrinum og hefur spennurisum fækkað úr 300 árið 2010 niður 120 það sem af er þessu ári.

Skjalnúmer: SNI-001

Útg.: 2.0

Auk þessa er verið að fjölga Boreal mælum í rjáfri til að bæta enn frekar verkferla í kerskálunum.

Skípt hefur verið út gömlum rofum á blásurum í reykhreinsivirki 1 sem hefur fækkað verulega bilunum og útslætti á reykhreinsivirkinu með minni loftmengun í för.

FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik:

Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu í ljós í eftirlitinu.

Athugasemd: Ein athugasemd er gerð í kjölfar eftirlits þar sem skýrsla um kræklinga rannsóknir hefur ekki verið send Umhverfisstofnun.

Önnur atriði:

Fyrirtækið stefnir að því að klára vinnu við ISO 9000 á næsta ári og hefst vinna við innleiðingu á ISO 14001 í kjölfarið.

Eftirlitsaðilar mæltust til þess að fyrirtækið kæmi sem flestum upplýsingum á heimasíðu sína, s.s. mengunarmælingar og önnur atriði sem tengjast umhverfismálum.

Reykjavík, 22/12/2011

Ólafur Kristinn Tryggvason

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.